

SAMBAND SVEITARFÉLAGA  
Á SUÐURNESJUM  
FITJUM - 260 NJARÐVÍK  
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279  
FAX 421-3766

Alþingi  
Erindi nr. P 125/1489  
komudagur 10.4.2000

Suðurnesjum 7.4.2000

Nefndasvið Alþingis  
b/t Umhverfisnefndar Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík.

Varðar umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 386. mál.

Á fundum stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 16. mars og 6. apríl s.l. var fjallað bréf yðar dags. 28/2 '00 ásamt frumvarpi til laga um mat á umhverfisáhrifum, 386. mál.

Stjórn SSS leggur fram eftirfarandi umsögn:


“*Framkvæmdaaðila er skylt samkvæmt frumvarpinu að útbúa matsáætlun sem lögð skal fyrir skipulagsstofnun ríkisins, matsáætlunin skal kynnt umsagnaraðilum og almenningi og staðfest af skipulagsstjóra. Það ætti því að vera óþarfi að hafa í frumvarpinu ákvæði með möguleika á að úrskurða framkvæmd í ítarlegra mat sem dregur aðeins úr tilgangi frumvarpsins um samfelldan matsferil. Hætta er á að slíkt stuðli að kostnaðarsamari og óskilvirkara matsferli.*”

Núverandi lög, umfjöllun öll og viðhorf til lögformlegs umhverfismat hafa stuðlað að neikvæðu viðhorfi til mats. Æskilegt er að frumvarpið endurspegli betur að umhverfismat er aðferðafræði þar sem metin eru áhrif framkvæmda á umhverfið og geta þau áhrif verið bæði jákvæð og neikvæð.

Búast má við auknum kostnaði sveitarfélaga vegna umsagna um matsskýrslur, þegar sveitarfélög eða fyrirtæki í eigu þeirra eru ekki framkvæmdaaðilar, ekki er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að sveitarfélögin geti reikningsfært slíkan kostnað á framkvæmdaaðila, æskilegt er að það sé hægt.”

Þetta tilkynnist yður þér með.

Virðingarfyllst,

  
Guðjón Guðmundsson, framkv.stj.